

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/55/11

frá 31. júlí 2014

**um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Suður-Kóreu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði***(tilkynnt með númeri C(2014) 5352)*

(2014/514/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2000/258/EB frá 20. mars 2000 um tilnefningu á sérstakri stofnun sem sér um að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluefnis við hundaeði <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 3. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með ákvörðun 2000/258/EB er rannsóknarstofa frönsku matvælaöryggisstofnunarinnar (fr. *Agence française de sécurité sanitaire des aliments*) (AFSSA) í Nancy, Frakklandi (sameinuð *Agence nationale de sécurité sanitaire de l'alimentation, de l'environnement et du travail*, ANSES, frá 1. júlí 2010), tilnefnd sem sérstök stofnun sem ber ábyrgð á að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófana til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði.
- 2) Í þeirri ákvörðun er kveðið á um að ANSES beri að skjalfesta mat á rannsóknarstofum í þriðju löndum sem hafa sótt um að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði.
- 3) Lögbæra yfirvaldið í Suður-Kóreu hefur lagt fram umsókn, sem er dagsett 16. september 2013, um samþykki fyrir rannsóknarstofunni KBNP, INC í Sinam-myeon, sem er studd af hagstæðri matsskýrslu ANSES fyrir þessa rannsóknarstofu.
- 4) Í kjölfar óhagstæðrar matsskýrslu frá ANSES, sem er dagsett 16. september 2013, var leyfið sem rannsóknarstofunni Komipharm International CO. Ltd í Siheung-si var veitt 1. mars 2011, í samræmi við ákvörðun 2000/258/EB, afturkallað í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/436/ESB <sup>(2)</sup>.
- 5) Lögbæra yfirvaldið í Suður-Kóreu hefur lagt fram umsókn, sem er dagsett 24. apríl 2014, um endursamþykki fyrir rannsóknarstofunni Komipharm International Co. Ltd í Siheung-si, sem er studd af hagstæðri matsskýrslu frá ANSES fyrir þessa rannsóknarstofu.
- 6) Þessar rannsóknarstofur ættu því fá leyfi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði í hundum, köttum og frettum.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/258/EB hafa eftirfarandi rannsóknarstofur heimild til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði í hundum, köttum og frettum:

- a) KBNP, INC  
235-9, Chusa-ro, Sinam-myeon  
Yesan-gun, Chungcheongnam-do  
Lýðveldið Kórea

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 231, 2.8.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. EB L 79, 30.3.2000, bls. 40.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/436/ESB frá 9. ágúst 2010 um framkvæmd ákvörðunar ráðsins 2000/258/EB að því er varðar hæfnisprófanir í þeim tilgangi að viðhalda leyfum rannsóknarstofa til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði (Stjttíð. ESB L 209, 10.8.2010, bls. 19).

b) Komipharm International Co. Ltd  
17 Gyeongje-ro,  
Siheung-si, Gyeonggi-do,  
429-848  
Lýðveldið Kórea

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 15. ágúst 2014.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. júlí 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Tonio BORG

*framkvæmdastjóri.*

---